

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 3. febrúar 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-59/2015:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 22. júlí sl. bað X, f.h. félags síns Z, til heimilis á sama stað, hér eftir einnig nefnt álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á rafstöð, sem keypt var af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar auk skaðabóta.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 28. júlí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 10. ágúst. Með bréfi, dags. 14. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 28. ágúst. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 17. nóvember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að álitsbeiðandi, f.h. félags síns, keypti rafstöð með vöruheitið Rafall EP6000 af seljanda fyrir kr. 240.000 hinn 16. september 2014. Í maí 2015 bilaði rafstöðin og greiddi álitsbeiðandi seljanda kr. 13.833 fyrir viðgerð á henni hinn 28. maí 2015. Um 5 vikum síðar bilaði rafstöðin aftur og að áeggjan seljanda fór álitsbeiðandi með hana til viðgerðar hjá umboðsaðila Honda hér á landi, en vélin í rafstöðinni er af þeirri gerð. Fullyrðir álitsbeiðandi að í ljós hafi komið að rafstöðin var ónýtt. Að auki segir álitsbeiðandi að starfsmaður verkstæðis umboðsala Honda hafi talið að rafstöðin væri ónýtt vegna galla á þeirri viðgerð sem seljandi hafði framkvæmt nokkru fyrr. Fyrir síðari viðgerðina segist álitsbeiðandi hafa átt að greiða kr. 31.212. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi skaðabóta vegna útlagðs viðgerðakostnaðar, sem og riftunar á kaupum á rafstöðinni.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi vegna kaupa á rafstöðinni, og vegna framanrakinna viðgerða, sem og afrit af tveimur reikningum, dags. 28. maí og 1. júlí, vegna kaupa á smurolíu.

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að umrædd rafstöð kom til viðgerðar hjá seljanda hinn 28. maí 2015 og hún þá sögð með gangtruflanir. Seljandi rekur að það hafi ekki verið í fyrsta skiptið sem rafstöðin hafi komið til viðgerðar, en seljandi hafði áður skipt um startsnúru rafstöðvarinnar. Við skoðun á verkstæðinu kom í ljós að loftsía bensínmótorsins var rennblaut og að auki full af óhreindum sem hindruðu loftflæði og ollu þannig gangtruflunum. Segir seljandi að skipt hafi verið um loftsíu en að auki hafi komið í ljós að álitsbeiðandi hafði ekki sinnt nauðsynlegu viðhaldi sem skyldi og m.a. ekki skipt um smurolíu á mótornum þrátt fyrir mikla notkun. Því hafi verið skipt um olíu á mótornum, bætt á hann bensíni og hann ræstur og rafstöðin prófuð. Segir seljandi að ekki hafi verið kannað frekar

hvort vanræksla álitsbeiðanda hefði orsakað frekari skemmdir á mótör rafstöðvarinnar. Var álitsbeiðandi rukkaður um kr. 13.833 fyrir framangreinda þjónustu, þar sem seljandi taldi að um almenn viðhald væri að ræða á mótörnum, en ekki viðgerð.

Í byrjun júlí 2015 segir seljandi að álitsbeiðandi hafi aftur komið með rafstöðina á starfsstöð sína og krafist tafarlausrar viðgerðar. Skoðaði verkstæði seljanda rafstöðina og kom þá í ljós að ventllok og/eða undirlyftir kynnu að vera bilaðar. Var álitsbeiðanda tjáð að viðgerð gæti tekið töluverðan tíma þar sem hugsanlega gæti verið um ábyrgðarviðgerð að ræða og slíkar viðgerðir, að kröfu framleiðanda rafalsins, væru aðeins framkvæmdar af umboðsverkstæði framleiðanda hér á landi. Að sögn seljanda mun álitsbeiðandi ekki hafa unað því vel að þurfa að bíða í einhverja daga eftir rafstöðinni og hafi honum þá verið bent á að til að flýta fyrir gæti hann sjálfur farið með rafstöðina á áður nefnt umboðsverkstæði, farið fram á ábyrgðarviðgerð þar og reynt að fá hraðari afgreiðslu en seljandi gat lofað.

Rekur seljandi næst að rafstöðin hafi verið afgreidd úr viðgerð hjá umboðsverkstæðinu hinn 7. júlí sl. og hljóði reikningur þar að lútandi upp á kr. 31.578. Telur seljandi að það að verkstæðið hafi ákveðið að rukka fyrir viðgerðina bendi eindregið til þess að það hafi ekki talið að viðgerðin gæti talist ábyrgðarviðgerð. Því til stuðnings bendir seljandi á að á reikningnum komi fram eftirfarandi texti: „[...] undirlyftustangir ónýtar, önnur var komin í sundur [...] a.t.h. það var komið mikið svarf/drulla inn á vélina [...]“. Segir seljandi að allir þeir sem þekki til viðgerða á vélum viti að svarf í mótrolú bendir til þess að eðlilegum smurolúskiptum hafi ekki verið sinnt og mikil líkindi séu til þess að mótörinn hafi verið keyrður á of lítilli smurolú eða of langt hafi liðið milli smurolúskipta og smurolían því verið ónýt.

Rekur seljandi næst að í fyrri viðgerðinni, 28. maí 2015, hafi smurolían verið verulega ljót og megi leiða líkur að því að aldrei hafi verið skipt um smurolú á mótörnum frá kaupum og þar til komið var með rafalinn til viðgerðar 28. maí. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi ekki getað sýnt fram á smurolúskipti fyrir þá dagsetningu. Telur seljandi að ljóst sé að umræddar bilanir hafi orsakast af vanhirðu álitsbeiðanda. Alkunna sé að ábyrgð nái aðeins til efnis- og/eða smíðagalla, en ekki til umhirðu og viðhalds. Vísar álitsbeiðandi því frá sér öllum kröfum um endurgreiðslu á viðgerðarkostnaði, þar sem í hvorugu tilvikinu hafi verið um ábyrgðarviðgerðir að ræða.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi rafstöð af gerðinni Rafall EP6000 seljanda hinn 16. september 2014 fyrir kr. 240.000. Í lok maí 2015 fór álitsbeiðandi með rafstöðina á verkstæði seljanda vegna gangtruflana. Skipti seljandi um olú á vél rafstöðvarinnar, ásamt síu. Fram kemur að vélin hafi verið mjög skítug á þessum tímapunkti. Reikningur fyrir viðgerðinni er dags. 28. maí að fjárhæð kr. 13.833. Um 5 vikum síðar bilaði rafstöðin og varð úr eftir samráð við seljanda að álitsbeiðandi fór með rafstöðina á umboðsverkstæði, sem ekki er á vegum seljanda, til viðgerðar. Reikningur fyrir viðgerðinni er dags. 7. júlí 2015 og er hann að fjárhæð kr. 31.578. Á reikningnum kemur fram að undirlyftustangir hafi verið ónýtar og að mikið svarf/drulla var inn á vélinni. Önnur gögn í málinu eru tvær kvittanir fyrir kaupum álitsbeiðanda á smurolú, væntanlega á mótör umrædds rafals, dags. 28. maí og 1. júlí 2015.

Álitsbeiðandi telur að þar sem umræddur rafall sé enn í ábyrgð eigi seljandi að endurgreiða honum útlagðan kostnað vegna framangreindra viðgerða, samtals kr. 45.411. Að auki verður ráðið af álitsbeiðni að álitsbeiðandi telji rafstöðina nú ónýta og vilji því rifta kaupum á henni.

Seljandi hefur mótmælt því að ábyrgð hans nái yfir þær viðgerðir sem gerðar hafa verið á rafstöðinni. Segir seljandi að annarsvegar hafi fyrri viðgerðin, sem seljandi framkvæmdi sjálfur, í raun verið viðhald, en ekki viðgerð. Síðari viðgerðin, sem vissulega teljist viðgerð, hafi hins vegar ekki verið rakin til galla, heldur meðferðar á rafalnum. Telur seljandi þar skipta mestu máli að mótór rafalsins virðist ekki, af ummerkjum sem bæði komu fram við skoðun á verkstæði seljanda og á umboðsverkstæði, hafa verið smurður frá kaupum og fram að fyrri viðgerð eða skoðun. Þessu hefur álitsbeiðandi ekki mótmælt sérstaklega að öðru leyti en því að hann hefur lagt fram tvo reikninga vegna kaupa á smurólú, að því er virðist fyrir mótór rafalsins. Báðir reikningarnir eru hins vegar dagsettir eftir að rafstöðin var á verkstæði seljanda í lok maí 2015.

Um galla er fjallað í 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Í a-lið 2. mgr. 17. gr. segir að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“ og í b-lið sömu málsgreinar segir m.a. að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð. Í 4. mgr. 17. gr. segir síðan að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 2. mgr. greinarinnar. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 30. gr. laganna.

Þegar kemur að ábyrgð seljanda á söluhlutum, líkt og reynir á hér, er rétt að taka fram að sú ábyrgð er ekki takmarkalaus skv. lögnum, svo sem ráða má að framanrakinni 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Er því þannig farið að ef meðferð kaupanda á söluhlut er óforsvaranleg verður seljandi ekki krafinn um að bera ábyrgð á þeim bilunum sem kunna að koma fram á söluhlutum sem bein eða óbein afleiðing af slíku, nema að um annað hafi verið samið í upphafi. Í þessu máli verður ekki annað séð af gögnum málsins en að fullyrðingar seljanda um að ástand á hinni umdeildu rafstöð verði rakið til þess að viðhald álitsbeiðanda á tækinu var ekki fullnægjandi, séu réttar. Gefa upplýsingar á bæði reikningi seljanda frá 28. maí og reikningi umboðsverkstæðis frá 7. júlí þetta sterklega til kynna, en smurviðhaldi virðist lítið sem ekkert hafa verið sinnt á mótór rafstöðvarinnar frá kaupdegi og þar til gangtruflana varð vart í maí sl. Slík vanræksla getur hæglega valdið því að mótór eyðileggist eða skemmsti verulega. Verður því kærunefndin að fallast á með seljanda að ástand rafstöðvarinnar verði fremur rakið til rangrar meðferðar álitsbeiðanda á tækinu sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna og geti því ekki talist til galla í skilningi 17. gr. Þegar af þeim sökum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

**VI**

**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, f.h. Z, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir